

Aðalfundur hjólréiðadeildar Vestra 16.mars 2023.

Skýrsla stjórnar hjólréiðadeildar Vestra fyrir starfsárið 2022.

Hjólasumarið byrjaði í seinna lagi vegna snjóalaga.

Í Stjórn eru Siggi-Heiða og Edda og í varastjórn eru Dómhildur og Ívar

Nokkrir stjórnarfundir voru haldnir á síðasta starfsári.

Einnig var haldinn einn félagsfundur til að skerpa á áherslum félagsins.

Nýr gjaldkeri var kosinn Edda María á síðasta aðalfundi.

Félagið.

Svo virðist að yngri félugum undir 18 ára sé að fjölga sem er jákvætt. Við erum virkilega stolt að því að rukka ekki þann aldurshóp um félagsgjöld. Við höldum að það muni skila sér í framtíðinni.

Mót.

Þrjú mót voru haldin hjá okkur.

1.júní.

XC fjallahjólámót Vestra var haldið 1. Júní og tóku þrír félagsmenn þátt í mótinu.

18.júní.

Ungdúró. 31 keppandi og 21 í styttri leið. Alvanir skipulagningu á þessu móti. Atli og Oliver og Ingi Björn. Grillarar voru Ívar og Heiðar á pönnu frá Murrikka. Allir keppendur fengu flottan bol merktan mótinu, hamborgara og Svala.

Dj var fenginn og tjald frá skátahreyfingunni.

Allir púkarnir mjög sáttir. Dagana fyrir mót voru margar hendur að störfum við undirbúning.

12 og 13 ágúst.

Endúró mót á Seljalandsdal og heiðinni. 60 keppendur. Bæði þessi mót tókust frábærlega vel, allir okkar gestir fóru héðan með bros á vör. Veðrið var mað ágætum en rigndi seinnipart á laugardegi.

Í báðum þessum keppnum vorum við með aðstöðu í gönguskíðaskála, þar var kaffi, orkudrykki, kex og kanilsnúðar og wc sem er nauðsynlegt.

Lokaathöfn var í Edinborg, matur og verðlauna afhending. Okkar bæjarstjóri hélt ræðu.

Eftir Endúró mót var núningur í félagsmönnum sem var rætt á sérstökum starfsmannafundi á Dokku nokkrum dögum eftir mót.

Formaður taldi að eftir mótið væri nokkur óánægja með framkvæmd Endúró mótsins sem yrði að ræða og var það gert.

Sérstakar þakkir til Avis og Ágúst Atla fyrir flottar myndir.

HG og Jakob Valgeri styrktu þessi mót af myndarskap, við þökkum þeim kærlega fyrir stuðninginn.

Heiða og Viðar tóku þátt í fyrir hönd Vestra í haust Endúró í Hveragerði.

Félagsmenn sóttu mót víðsvegar um landið í síðastliðið sumar, Embla og Atli sótt t.d Endúró á Akureyri.

Óformlegir fundur og spjall við Hermann Sigle á skíðasvæði, vonandi fer einhver vinna þar fram í sumar sem að við og allir aðrir munu hagnast á, slóði frá Miðfellslyftu og yfir í gönguskiðaskála við Búrfell, 800m slóði myndi breyta mjög miklu, þá er komin hringtenging uppá heiði.

Námskeið.

Tveir af bestu þjálfurum landsins í endúró Helgi Berg og Gunnhildur úr BFH komu vestur í vor og héldu flott námskeið fyrir þúkanna okkar. Skíta veður var, kalt og slydda. Námskeiðið var vel sótt.

Ingi Björn aðal sprautan í þessu verkefni og þakkar stjórn honum kærlega fyrir hans framlag.

Tayler stóð fyrir Mountainbike Monday's í haust og voru þau kvöld nokkuð vel sótt.

Við áttum nokkra sigra á árinu.

Oliver Hilmarsson stóð sig vel í Endúró og endaði annar í Rafhjólaflokki, pallur er pallur.

Okkar ungu konur Embla, Agla, Sigga Sif, Sydni Long og Saga voru nálægt því að komast á pall. Einhver PM voru sett í þessum tveimur mótum.

Mikil vinna var lögð í hjólagarðinn á Grænnagarði, Oliver, Ívar, Heiðar, Gústi og Atli drógu þennan vagn ásamt mörgum öðrum sem lögðu til efni, tæki og tól.

Margar hendu komu að þessu verkefni, pabbi þeirra Ívars og Heiðars á miklar þakkir skyldar, einnig Gústi sem dvaldi þarna í marga klukkutíma, ýmist einn eða með Ísar með sér.

Boðið var uppá grillaðar pylsur og Svala við vígslu á hjólagarðinum.

Einhverjar æfingar voru haldnar inní Reiðhöll Engidal, með stökkpöllum og keilum.

Hjóladeild þakkar hestamannafélaginu Hendingu fyrir aðstoðina.

Keyptir voru færanlegir stökkpallar.

Vinnufundur hjá Stjórn í febrúar og mars, rætt um að fjölga í Stjórn úr 3 í 5 og 2 varamenn.

Við tókum saman flugeldarusl rétt eftir áramót í Hnífsdal, efri og neðri bæ, gekk það eins í sögu. Afrakstur er 200þús sem er settur í ferðasjóð.

Ný hjólakerra er í ferli hjá okkur og er Pétur og Atli þar í framlínu. Thule festingar verða líklegast á kerrunni, sem verður líklegast smíðuð á Ísafirði.

Atli og Pétur hafa betri upplýsingar.

Heiða hefur verið að moka út umsóknum úr hinum ýmsu sjóðum undanfarið, vonandi skilar sér eitthvað af því. Um 6.5 milljónir liggja í ósottum styrktarsjóðum og tækifæri fyrir komandi Stjórn að halda áfram með þá vinnu ef vilji er fyrir því.

Hjólara voru mikið á hjólaplaninu í allt sumar og einnig í hjólaleiðum uppá dag og heiði.

Fjölgað hefur í Rafhjóra eign á Ísafirði.

Embla Atladóttir var kosin hjóltreiddamaður Ísafjarðar 2022 einnig var henni boðið að taka þátt í afreksbúðum sem haldnar voru á Laugarvatni. Stjórn er virkilega stolt af því að eiga svona öflugar liðsmann og fyrirmynd. Þess má geta að hún æfir vel þessa dagana undir Stjórn erlends þjálfara.

Uppbygging hjólabrauta.

Ungdúró brautin var framlengd niður að keilum. Sannkölluð leið unga fólksins enda er leiðin aðgengileg og mikið flæði í brautinni.

Þó er ný leið uppá Seljalandsleið sem lögð var af Daníel Magg fyrir Endúrómótið, Leiðin býður uppá að vera framlengd niður í Tungudal.

Skotinn/Austmenn leit dagsins ljós í sumar. Óliver var búinn að vinna mikið í þessari braut og á miklar þakkir skildar.

Forsetinn Biden var lengd í sumar. Leiðin er skemmtilega grýtt á köflum og vonandi hjólast hún til í sumar, Heiða og Siggilögðu þessa braut.

Heimasíða www.mtbisafjordur.is

Þar er meiningin að setja inn upplýsingar um allar hjólaleiðir og gera það aðgengilegt fyrir alla okkar gesti. Eins geta verið þarna auglýsingatekjur sem getru nýst starfinu okkar.

Myndir þarna inni eru fengnar hjá Björgvini Hilmars og við þökkum honum fyrir þær. Heiða leiddi þetta verk af myndarskap.

Gögn hjóladeildar voru flutt af Teams yfir á Goggle drive reikning félagsins.

Til stendur að setja niður orlofshús uppá Dagveðadal, það mun taka út neðsta hlutann af hjólaleiðinni þar, en engar framkvæmdir eru hafnar.

Eins og fram hefur komið þá gef ég ekki kost á mér til áframhaldandi formanns-setu.

Margt hefur gerst á þessum tveimur árum mínum sem formaður, tímabært er að hleypa nýjum að, að vera í Stjórn eða formaður í eitt til tvö ár drepur engann.

Kæru félagar allt tekur enda eins og maðurinn sagði og tími til komin að hleypa nýjum að.

Sigurður A. Jónsson formaður.